

Kæra sóknarnefndarfólk, ég hef ákveðið að bjóða mig fram til setu á Kirkjuþingi leikmanna í Suðurprófastsdæmi.

Ég heiti Sólveig Þórðardóttir, ég er fædd 2. júlí 1967 í Vík í Mýrdal og alin þar upp. Foreldrar mínir eru Áslaug Halla Vilhjálmsdóttir og Þórður Jón Sveinsson sem er látinn. Ég átti 4 systkini, en tvö eru látin. Ég ólst upp í Vík í Mýrdal, gekk þar í barnaskólann, lærði á píanó hjá organista kirkjunnar, fór síðar í orgelnám í Tónlistarskólanum í Mýrdalnum þegar hann var stofnaður og lærði þar í þrjú ár og söng í kirkjukórnum þar sem unglingur. Ég fór síðan í Fjölbrautaskóla Suðurlands í nám og lauk þar Verslunarprófi, þá flutti ég til Reykjavíkur þar sem ég bjó og vann í nokkur ár. Ég hef sótt mér menntun eftir að Verslunarprófinu lauk, ýmiss konar tölvunámskeið hjá NTV, einstaka áfanga í Fjölbrautaskóla Suðurlands, sat ART námskeið veturinn 2017-2018, og lauk Skrifstofuskóla I hjá Promennt.

Eftir nokkur ár búsett í Reykjavík, Bretlandi, Hveragerði og Selfossi, flutti ég ásamt fjölskyldu minni að Skúflæk II Norðurbæ í Flóahreppi, þar sem ég bý nú með eiginmanni mínum Árna Eiríkssyni. Við eigum fjögur börn en þau eru í aldursröð; Erlingur Snær, kvæntur Hlín Magnúsdóttur og eiga þau 3 börn, Ásrún Halla, sambýlismaður Magnús Þór og eiga þau einn son, Eiríkur og Laufey, tvö yngstu búa enn heima.

Ég hef unnið skrifstofustörf að mestu leyti, var fyrst í nokkur ár hjá Búnaðarbankanum í Vík og í Reykjavík en eftir búsetu í Bretlandi fékk ég vinnu hjá Sýslumanninum í Vík og á Selfossi og var deildarstjóri umboðs Tryggingastofnunar á Selfossi í 9 ár, þar var ég trúnaðarmaður starfsmanna SFR í mörg ár og sótti fjölmörg námskeið því tengdu. Því miður þurfti ég að hverfa af vinnumarkaði árið 2006. Ég hef ekki skorast undan að taka að mér setu í nefndum ýmissa félaga og formennsku í sumum þeirra og hefur þetta félagsstarf gefið mér mikið

og kennt mér margt. Ég var ritari Kvenfélags Villingaholtshrepps í 6 ár og svo formaður þess í önnur 6 ár, og er ég enn virkur félagi í kvenfélaginu. Þá hef ég verið gjaldkeri í foreldrafélagi Flóaskóla, fulltrúi foreldra í Skólaráði og fræðslunefnd Flóahrepps og er núna formaður ritnefndar Sambands sunnlenskra kvenna, sem gefur út ársrit á hverju ári, hef verið formaður þar í 6 ár. Þá er ég formaður og gjaldkeri Villingaholtssóknar í Flóahreppi, sem er í Árborgarprestakalli og hef verið síðustu 9 ár, ásamt því að sjá um kirkjuna og kirkjugarðinn. Því þekki ég vel innra starf kirkjunnar og þær áskoranir sem þar eru í fjármálum. Einnig er ég félagi í kirkjukór Hraungerðis- og Villingaholtssókna og hef verið með hléum í 18 ár. Þeim verkefnum sem mér eru falin sinni ég af heilindum og af bestu getu. Áhugamál mín eru lestur og hannyrðir hverskonar, söngurinn er mér mikilvægur, félagsmál eru mér mjög hugleikin, samvera með fjölskyldunni ásamt ferðalögum með fjölskyldunni innanlands og utan er það sem er þó allra dýrmætast, enda ferðumst við mikið.

Ástæða þess að ég býð mig fram til Kirkjupings, eru brennandi áhugi minn á kirkjunni og hennar málefni. Ég er alin upp við trú á Guð, og að sækja athafnir í kirkjunni, móðir mín var formaður sóknarnefndar og meðhjálpari til langs tíma og hefur trúin verið mér styrkur á erfiðum stundum, ég hef alltaf notið þess að geta fengið lausn minna mála þar. Fjölskylduþjónustan er mjög mikilvæg þeim er á henni þurfa að halda og mikilvægt að sú starfsemi verði sem virkust. Þau málefni sem mér hafa alltaf þótt mikilvægust eru barnastarf kirkjunnar því þar er grunnurinn sem allt byggist á. Ef börnin læra í uppeldinu að koma til kirkju, fyrst í barnastarfið, síðan í unglingastarfið, og barna og unglingakórana, þá er það gott veganesti út í lífið, og þá erum við líklegri til að ná að halda þessu unga fólki virku og áhugasömu innan kirkjunnar. Þessi sýn mín rímar vel við nýsamþykktu þingsályktun um áherslur í æskulýðsmálum. Ég hef trú á að ég geti látið gott af mér leiða í málefnum kirkjunnar, ég

mun leggja mig alla fram um að sinna öllum þeim málefnum sem mér er trúað fyrir af alúð og vandvirkni.